



16. fundur stjórnar Aftureldingar 20. feb 2013

Fundur settur kl. 18:15 að Varmá.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Gylfi Gíslason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn

Dagskrá:

1. UMSK þing 28. feb 2013.
2. Viðurkenningar á UMSK þingi – tilnefningar.
3. Aðalfundur UMFA
4. Önnur mál.

1. UMSK þing. Formaður ræddi UMSK þingið og að nauðsynlegt sé að Afturelding sendi fullskipaða fulltrúasveit, eða 9 fulltrúa. Framkvæmdastjóra falið að sjá til þess að svo verði.
2. Viðurkenningar á UMSK þingi. Ósk hefur borist frá UMSK um að félagið sendi inn tilnefningar til viðurkenninga. Rætt og ákveðið að formaður og framkvæmdastjóri ljúki afgreiðslu erindisins.
3. Aðalfundur UMFA. Aðalfundur verður haldinn í Listasal Mosfellsbæjar 20. mars. Framkvæmdastjóri mun kalla eftir upplýsingum í ársskýrslu frá deildunum.
4. Önnur mál.
Formaður ræddi málefni Minningarsjóðs Guðfinnu og Ágústínu. Mosfellsbær leggur fram mótframlag líkt og síðustu ár vegna efnahagsástandsins.
Formaður upplýsti um stöðu mála vegna nýja salarins. Fundað hefur verið með þeim deildum sem aðallega munu nýta húsið og málið var rætt á formannafundi í síðustu viku. Nýting húsnæðis rædd.

Fundi slitið kl. 20:20. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar.